

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Bt. Kristjönu Benediktsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2015

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu vöru og þjónustu), 685. mál.

Íslandsstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill ítreka áður sendar umsagnir um sama mál eftirfarandi:


Löngu er orðið tímabært að endurskoða ofangreind lög. Íslandsstofa fagnar þessum tillögum og telur þær geti verið góð viðbót við það starf sem þegar er unnið við markaðssetningu íslenskra vara og þjónustu. Með þeim tillögum sem í frumvarpinu komar fram væri sérstaða íslenskra vara betur auðkennd og auðveldara ætti að vera að koma þeim á framfæri.

Íslandsstofa myndi gjarnan leggja til aðstoð við setningu reglugerðar þeirrar sem frumvarpið leggur til að sett verður.

Núgildandi reglur hafa sýnt sig að vera ekki í samræmi þarfir íslenskra fyrirtækja og hefur Íslandsstofa þurft að beita sér til að fá notkun fánans heimilaða á erlend samstarfsverkefni.

Íslandsstofa lýsir sig því samþykka efni frumvarpsins og hvetur enn og aftur til jákvæðrar afgreiðslu þess.

Virðingarfyllt



Jón Ásbergsson

framkvæmdastjóri